



Eva Reykjalín er viðskiptafræðingur og danskennari að mennt, hún rekur Reykjalín ehf. bókhaldsþjónustu og ráðgjöf og er með danskennararéttindi í Zumba fitness, Zumba toning, Body jam og Sh‘bam. Eva kennir dans í líkams-ræktarstöðinni Bjargi Akureyri og víða um Eyjafjarðarsvæðið, þá kennir hún jafnframt Jazz ballet í Point dansstúdíó og í leikskólum. Eva hefur sterka og góða nærveru sem helgast af jákvæðum lífsviðhorfum, hennar mottó er að vandamál séu ekki til, þau eru verkefni til að leysa.